

REGLUGERÐ

um tollkvóta á grænmeti og niðurfellingu tolla.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III B og IV B við tollalög númer 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollskrárnúmer</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0702.XXXX	Tómatar	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0703.1001	Laukur	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0703.1009	Skallottlaukur	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0703.2000	Hvítlaukur	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0703.9009	Annað	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0704.2000	Rósakál	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0704.9005	Fóðurmergskál (brassica oleraceaacepjala)	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0704.9009	Annað	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0705.XXXX	Salat	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0706.9009	Annars	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0707.XXXX	Gúrkur og reitagúrkur	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0708.XXXX	Belgávextir	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0709.2000	Spergill	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0709.5901	Tröfflugur	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0709.5909	Annað	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0709.6XXX	Paprika og aðrir piparávextir	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0709.7000	Spínat, Nýja-Sjálandsspínat og hrimblaðka	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0709.9001	Sykurmaís	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0709.9002	Kúrbítur (Courgettes)	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0709.9003	Ólífur	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0709.9004	Steinselja	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0709.9005	Jarðartískokka	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0
0709.9009	Annars	01.01.-31.12.07	ótilgr.	0	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollskrárnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2007.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. desember 2006.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.